

Nefndarsvið Alþingis  
b.t. Allsherjar- og menntamálanefndar Alþingis  
Austurstræti 8-10  
150 Reykjavík  
2018-04-20

**Umsögn Vantrúar um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 35/1970, um Kristnisjóð o. fl., með síðari breytingum (ókeypis lóðir), 148. löggjafarþing - þingskjal 371 - 269. mál**

Við tökum undir þann rökstuðning sem fram kemur í greinargerðinni varðandi forsögu gjafalóðaákvæðisins.

Ljóst er að orðið „kirkjur“ í ákvæðinu vísar strangt til tekið einungis til kirkna Þjóðkirkjunnar því að bæði í upphaflegum lagatexta og í núverandi ákvæði sést að lagabálkurinn fjallar sérstaklega um Þjóðkirkjuna, en ekki kristin trúfélög almennt. Þessi forrættindi hafi verið réttlætt með vísun til þess ríkiskirkjufyrirkomulags sem birtist í 62. grein stjórnarskrárinnar.

Seinna meir hafa svo sveitarfélög með tilliti til jafnréttissjónarmiða kosið að túlka „kirkjur“ vítt. Þá bæði sem tilbeiðsluhús allra kristinna trúfélaga og loks sem hvers konar tilbeiðsluhús.

Með fjölgun skráðra trúfélaga er svo ljóst að samkvæmt ríkjandi túlkun á ákvæðinu mun það leiðast út í ógöngur.

Eins og fram kemur í umsögninni þá er augljósa lausnin á þessu vandamáli að fella greinina brott. Enda er engin sérstök ástæða til þess að skylda sveitarfélög til þess að gefa trúfélögum sérstaklega lóðir án endurgjalds. Ekki frekar en sveitarfélögum er skylt að gefa stjórnmalafélögum, skáfélögum eða stjórnuskoðunarfélögum ókeypis lóðir.

Stundum er reynt að réttlæta þessar gjafalóðir með því að fullyrða að þetta sé endurgjald fyrir afhendingu kirkjujarða. Þau rök ganga ekki upp þar sem þessir gjafagerningar byggja hvorki á kirkjujarðasamningunum né öðrum samningum.

Félagið Vantrú styður því frumvarpið óbreytt.

fyrir hönd Vantrúar,  
Sindri Guðjónsson, formaður Vantrúar

Frumvarpið:

<https://www.althingi.is/thingstorf/thingmalalistar-efir-thingum/ferill/?ltq=148&mnr=269>